

AFREKSSJÓÐUR ÍSÍ 2019



Nýtt fyrirkomulag reynist vel

Miklar breytingar voru gerðar á Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2017 og að loknu Íþróttabingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár. Ferlið í kringum styrkveitingar, kröfur á sérsamböndin og eftirfylgni frá ÍSÍ tók miklum breytingum frá fyrri árum og má segja að breytingarnar hafi gengið vel og að góð sátt sé um fyrirkomulagið eins og það er í dag.

Í byrjun október 2018 samþykkti stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ ákveðinn ramma fyrir styrkveitingu ársins 2019 sem kynntur var fyrir sérsamböndum og fól í sér áherslur sjóðsstjórnar. Var þessi rammi í mörgu svipaður þeim sem var vegna ársins 2018 en úthlutunarupphæð hafði þó hækkað um 100 m.kr. samkvæmt samningi við ríkisvaldið.


Verkaskipting á milli stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ tók breytingum samhliða nýju fyrirkomulagi og hafa breytingarnar tekist vel. Með breytingunum tóku aðilar í stjórn sviðsins að sér að vera í reglulegum samskiptum við skilgreind sérsambönd og settu sig betur inn í það starf sem á sér stað innan þeirra.

Heilt yfir má segja að aukin samskipti, upplýsingastreymi og stefnumótun hafi áfram einkennt þetta ár og var það ein af áherslum þeirra breytinga sem gerðar voru á Afrekssjóði ÍSÍ og afreksstarfi ÍSÍ og sérsambanda. Það er ljóst að allir aðilar hafa lært mikið á fyrsta árinu sem unnið var eftir nýju kerfi og var allt samstarf mun auðveldara á árinu 2018, í samanburði við árið á undan, þar sem mikilvæg reynsla hafði áunnist hjá starfsmönnum ÍSÍ og sérsambanda.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ að loknu Íþróttabingi ÍSÍ 2019 var skipað í stjórn sjóðsins og er hún skipuð eftirfarandi aðilum: Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson, Soffía Ámundadóttir fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsmaður sjóðsins er Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og seturétt á fundum sjóðsins hefur Þórey Edda Elísadóttir formaður stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

ÚTHLUTUN AFREKSSJÓÐS ÍSÍ 2018 OG 2019



ÚTHLUTUN STYRKJA TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2019

Sérsamband		Alls 2019*	Úthlutun 2018 **
BLÍ	Blaksamband Íslands	11.800.000	10.077.681
BSÍ	Badmintonsamband Íslands	11.600.000	9.623.554
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	2.200.000	1.350.000
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	8.900.000	6.653.602
FRÍ	Frjálsíþróttasamband Íslands	41.400.000	27.700.000
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	46.500.000	36.000.000
GSÍ	Golfsamband Íslands	37.900.000	27.350.000
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	3.600.000	1.250.000
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	67.900.000	51.600.000
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	30.300.000	20.149.338
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	12.600.000	9.200.000
ÍSS	Skautasamband Íslands	1.500.000	1.450.000
JSÍ	Júðósamband Íslands	9.500.000	6.763.426
KAÍ	Karatesamband Íslands	6.700.000	4.724.170
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	43.900.000	36.777.770
KLÍ	Keilusamband Íslands	7.500.000	4.478.912
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	15.600.000	13.433.697
KSÍ	Knattspyrnusamband Íslands	0	0
LH	Landssamband hestamannafélaga	7.300.000	3.550.000
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	2.000.000	1.750.000
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.000.000	523.650
SKÍ	Skíðasamband Íslands	19.000.000	18.250.000
SKY	Skylmingasamband Íslands	9.500.000	7.200.000
SSÍ	Sundsamband Íslands	37.600.000	26.860.397
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	10.700.000	8.878.375
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	2.300.000	1.351.195
TSÍ	Tennissamband Íslands	2.300.000	1.307.480
ÞRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	1.800.000	1.028.159
	Samtals:	452.900.000	339.281.406

*Um er að ræða úthlutun til sérsambanda. Fyrirvarar eru í samningum og kröfur um að styrkir séu nýttir í ákveðin verkefni. Þegar uppgjör verkefna ársins liggja fyrir kemur í ljós hvort að hluti styrkveitinga verður felldur niður eða hvort að öll upphæðin komi til greiðslu.

** Um er að ræða stöðu ársins miðað við 22. nóvember 2019 en felldir hafa verið niður styrkir að upphæð 10.018.594 til sérsambanda af þeirri upphæð sem var úthlutað til þeirra vegna verkefna ársins 2018. Eru niðurfellingar vegna þess að ekki var farið í verkefni sérsambanda eða umfang þeirra var minna en í áætlunum.





Helstu þættir í starfsemi sjóðsins 2019

Þann 19. október 2018 var óskað eftir umsóknum frá sérsamböndum ÍSÍ samkvæmt sama fyrirkomulagi og hóf göngu sína árið áður. Voru umsóknir að berast jafnt og þétt til ÍSÍ, en lokafrestur á skil var gefinn 9. desember 2018. Fundir voru haldnir með sérsamböndum til að fara yfir eyðublöð og annað er tengdist umsóknum. Starfsmenn ÍSÍ ásamt stjórnarfólki í Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ funduðu þannig með hverju sérsambandi bæði á meðan verið var að vinna að umsóknum og eins þegar lokaútgáfur voru tilbúnar fyrir stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir þær tillögur sem bárust og þann rökstuðning sem fylgdi með frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ. Styrkveitingar vegna ársins 2019 voru ákveðnar í þremur skrefum. Fyrst hlutu fjögur sérsambönd styrkveitingu í desember 2018 með þeim fyrirvara að upphæðir til þeirra yrðu endurskoðaðar þegar styrkveitingar til annarra sérsambanda væru klárar síðar um vorið. Voru það allt sérsambönd sem voru að fara í stór verkefni strax í byrjun ársins 2019. Í janúar var úthlutað til tveggja sérsambanda til viðbótar og sömu fyrirvarar gerðir vegna lokaupphæðar. Í byrjun febrúar var loks úthlutað til þeirra sérsambanda sem voru eftir og fyrri úthlutanir endurskoðaðar á sama tíma og hækkaðar í samræmi við forsendur sjóðsins og aðrar styrkveitingar.

Veittir voru styrkir til 27 af þeim 28 sérsamböndum sem sóttu um styrk til sjóðsins. Umsókn eins sérsambands var ekki styrkt þar sem horft var til fjárhagsstöðu viðkomandi sérsambands og í reglugerð sjóðsins segir: „Við úthlutanir er heimilt að taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.“

Send voru bréf til sérsambanda þar sem tilkynnt var um úthlutun og í framhaldinu var fundað með hverju sérsambandi og farið yfir kröfur sjóðsins og sundurliðun styrkveitinga miðað við áherslur og verkefni. Sérsamböndum var falið að skila inn endurskoðaðri áætlun til að hægt væri að ganga frá samningi milli sjóðs og sérsambands.

Flokkun sérsambanda í afreksflokka

Í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, 13. grein, er fjallað um að Afrekssjóður ÍSÍ skuli árlega flokka sérsambönd ÍSÍ í afreksflokka út frá skilgreindum viðmiðum. Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ kallar reglulega eftir ýmsum skilgreiningum og upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ um fjölmörg atriði er tengjast afreksþróttastarfi viðkomandi sérsambands, s.s. árangur í mótum, skipulag afreksstarfsins og helstu áhersluatriði. Þessi vinna Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ er lögð til grundvallar tillögum Afrekssjóðs ÍSÍ til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um flokkun sérsambanda í afreksflokka.

Í A-flokki eru sérsambönd sem taka reglulega þátt í keppni á hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein með frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Gerðar eru kröfur um umfangsmikið afreksþróttastarf í sérsambandinu og fjármögnun og þurfa samböndin að uppfylla fjölmörg atriði sbr. grein 13.1. í reglugerð sjóðsins.

Í B-flokki eru sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega alþjóðlega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á Heimsmeistara- og Evrópumót og/eða Ólympíuleika/Paralympics. Gerðar eru kröfur um ákveðna umgjörð hjá sérsambandinu sbr. grein 13.2 í reglugerð sjóðsins.

Í C-flokki er um að ræða sérsambönd sem ekki komast í flokk A eða B en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. Eru það sérsambönd sem taka þátt í Heimsmeistaramótum, Evrópumótum eða Norðurlandamótum og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Minni kröfur eru gerðar til umfangs og umgjörðar afreksstarfs hjá þessum sérsamböndum sbr. grein 13.3 í reglugerð sjóðsins.


„Án flokkunar“ eru þau sérsambönd sem ekki hafa skilað inn upplýsingum um afreksstarf og skilgreiningar til ÍSÍ. Hafa ber í huga að flokkun sérsambanda í afreksflokka er símat og getur tekið breytingum eftir aðstæðum og stöðu sérsambanda hverju sinni.

FLOKKUN Í AFREKSFLOKKA 2019			
A/Afreks-sérsambönd	B/Alþjóðleg sérsambönd	C/Þróunar-sérsambönd	Án flokkunar
FSÍ	BSÍ	AKÍS	HNÍ
FRÍ	BLÍ	BTÍ	MSÍ
GSÍ	DSÍ	GLÍ	
HSÍ	IHÍ	HRÍ	
ÍF	JSÍ	LH	
KSÍ	KAÍ	LSÍ	
KKÍ	KLÍ	SÍL	
SSÍ	KRA	ÍSS	
	SKÍ	TKÍ	
	STÍ	TSÍ	
	SKY	ÞRÍ	



YFIRLIT YFIR ÁHERSLUR Í STYRKJUM TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2019

Áherslupættir	A/Afreks-sérsambönd	% innan flokks	B/Alþjóðleg sérsambönd	% innan flokks	C/Þróunar-sérsambönd	% innan flokks	Samtals	% innan flokks
Grunnstyrkir	19.000.000	6,22%	11.000.000	8,91%	4.500.000	18,75%	34.500.000	7,62%
Starfsmannakostnaður	42.000.000	13,75%	29.600.000	23,99%	0	0,00%	71.600.000	15,81%
Fagteymi	22.750.000	7,45%	7.200.000	5,83%	1.400.000	5,83%	31.350.000	6,92%
HM/EM þátttöku	38.250.000	12,52%	14.750.000	11,95%	5.050.000	21,04%	58.050.000	12,82%
HM/EM lokamóts í hópíþr.	4.000.000	1,31%	0	0,00%	0	0,00%	4.000.000	0,88%
Menntun landsliðsþjálfara	2.050.000	0,67%	2.150.000	1,74%	700.000	2,92%	4.900.000	1,08%
Réttindi alþjóðl. dómara	2.000.000	0,65%	2.100.000	1,70%	0	0,00%	4.100.000	0,91%
Hæfileikamótun	11.500.000	3,76%	4.925.000	3,99%	4.000.000	16,67%	20.425.000	4,51%
Alls	141.550.000	46,33%	71.725.000	58,12%	15.650.000	65,21%	228.925.000	50,55%
Umfang afreksstarfs	94.700.000	31,00%	10.675.000	8,65%	0	0,00%	105.375.000	23,27%
Vegna einstaklinga	23.500.000	7,69%	13.000.000	10,53%	1.000.000	4,17%	37.500.000	8,28%
Vegna ÓL/PL undirbúnings	23.000.000	7,53%	12.000.000	9,72%	1.900.000	7,92%	36.900.000	8,15%
Yngri lið/einstaklingar	22.750.000	7,45%	16.000.000	12,97%	0	0,00%	38.750.000	8,56%
Aðrir þættir	0	0,00%	0	0,00%	5.450.000	22,71%	5.450.000	1,20%
Alls	163.950.000	53,67%	51.675.000	41,88%	8.350.000	34,79%	223.975.000	49,45%
Samtals	305.500.000	67,45%	123.400.000	27,25%	24.000.000	5,30%	452.900.000	100,00%






Áherslur Afrekssjóðs ÍSí 2019 og sundurliðun styrkja

Aftekssjóður ÍSí gefur út ákveðnar forsendur til sérsambanda áður en sótt er um til sjóðsins. Er þar fjallað um hversu hárra styrkja má vænta í ákveðna málaflokka og áhersluatriði. Flestir möguleikar og hæstu upphæðir eru í flokka A/ Aftekssérsambanda og færri möguleikar og lægri upphæðir í öðrum flokkum.

Áhersluflokkar Aftekssjóðs ÍSí 2019 - A/Aftekssérsambönd




Þannig var lagt upp með að um 67,5% af styrkjum ársins 2019 færu í flokk A/Aftekssérsambönd, rúmlega 27% í flokk B/ Alþjóðleg sérsambönd og rúmlega 5% í flokk C/Þróunarsérsambönd. Heildarniðurstaða ársins er nærri þeim viðmiðum en þó á eftir að koma í ljós á næsta ári hvort að einhverjar styrkveitingar lækki vegna þess að forsendur hafa breyst hjá sérsamböndum eða ef verkefni sem hlutu styrki féllu niður.

Áhersluflokkar Aftekssjóðs ÍSí 2019 - B/Alþjóðleg sérsambönd



Áhersluflokkar Afrekssjóðs ÍSÍ 2019 - C/Próunarsérsambönd



Áherslur innan hvers flokks má sjá betur á þeim myndum sem eru hér á undan og eftir, en áherslur ársins fólu í sér aukna áherslu á umgjörð afrekssstarfs sérsambanda, hæfileikamótun, HM/EM þátttöku, og menntun landsliðsþjálfara og fagteymisstarf. Þannig eru áherslur í öllum flokkum á þessa þætti en upphæðir misháar.

Áfram má segja að styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ fari nærri því að styrkja um þriðjung kostnað sérsambanda við afrekssstarfið. Í samningum sérsambanda fyrir árið 2019 var áætlaður kostnaður þeirra sambanda sem hlutu styrk um 1.350 m.kr. í samanburði við 1.168 m.kr. á árinu 2018. Er um að ræða aukningu um 15,5% á milli ára eða um rúmar 181 m.kr. Hafa þarf í huga að umfang verkefna getur verið mismunandi milli ára, t.d. er HM/EM í einhverjum tilfellum haldið annað hvert ár. Ekki er í þessum tölum talinn kostnaður KSÍ vegna afrekssstarfs en hann er margfaldur þeim kostnaði sem önnur sérsambönd bera.

Ef horft er á skiptingu þessa kostnaðar hjá samböndum sem hlutu styrk og eru í A, B og C flokki eru tölurnar eftirfarandi:

A / Afrekssérsambönd	B / Alþjóðleg sérsambönd	C / Próunarsérsambönd	Samtals
875.713.000	369.725.280	104.275.000	1.349.713.280
64,88%	27,39%	7,73%	100%

Þegar horft er á áætlaðar tekjur sérsambanda og hvernig þau stefna á að fjármagna kostnaðinn við afrekssstarfið koma í ljós áhugaverð hlutföll. Sérsambönd í flokki A/Afkekssérsambanda ná nú að fjármagna sig sem nemur tæpum 19% frá styrktaraðilum en það hlutfall var rúm 23% á árinu 2018. Iðkendur eða keppendur greiða nú rúmlega 17% af kostnaði við landsliðsverkefni en sú tala var um 12% á árinu 2018.

	A	B	C	Samtals
Frá alþjóðasambandi	3,85%	8,52%	7,22%	5,39%
Frá styrktaraðilum	18,62%	7,65%	22,04%	15,89%
Frá félögum	8,08%	5,28%	2,75%	6,90%
Frá iðkendum	16,54%	17,80%	21,12%	17,24%
Frá öðrum tekjum sérsambands	14,54%	10,04%	4,49%	12,51%
Frá öðrum tekjum í gegnum ÍSÍ	3,48%	17,34%	19,83%	8,56%
Styrkur Afrekssjóðs ÍSÍ	34,89%	33,38%	22,56%	33,50%


Áfram er verið er að vinna með þau gögn sem borist hafa frá sérsamböndum ÍSÍ og verið er að greina þarfir sérsambanda og hvernig kostnaður þeirra við afrekssstarfið skiptist í mismunandi málaflokka. Þannig vinnur Afrekssjóður ÍSÍ að því að aðlaga styrkveitingar og áherslur í takt við afrekssstarf sérsambanda.






Gagnaöflun og umfang afreksstarfsins



Á árinu bárust ítarlegar upplýsingar frá sérsamböndum ÍSÍ um þátttöku í verkefnum sérsambanda á árinu 2018. ÍSÍ hóf að kalla eftir slíkum upplýsingum á árinu 2018 og tengdist það m.a. breyttu fyrirkomulagi á starfsemi Afreksjóðs ÍSÍ. Hægt er að lesa fjölmargt úr þeim upplýsingum sem bárust, s.s. lykiltölur um þátttöku, umfang verkefna, aldur og kynjaskiptingu og fleira sem hjálpar til við að greina afreksstarfið. Á eftirfarandi myndum eru sérsambönd flokkuð samkvæmt töflu á bls. 3.



Alls voru 1.463 aðilar skráðir í landsliðsverkefni á vegum sérsambanda ÍSÍ á árinu 2018, kynjaskipting er aðeins jafnari nú en árinu áður en 45% eru konur og 55% karlar. Fjöldi verkefna jókst miðað við árið áður en 4.541 keppendur tóku þátt í landsliðsverkefnum í 56 löndum, sem þýðir að hver keppandi tók þátt í að meðaltali þremur verkefnum. Þessir aðilar iðka íþróttir hjá 123 íþróttafélögum innan 17 íþróttahéraða. Keppendur búsettir erlendis eru 163 talsins þar sem 74% eru karlar og 26% konur. Tæplega helmingur eða 46% þeirra eru fædd á fjögurra ára tímabili, árin 2000-2003, sem er aldursbilið 15-18 ára en eftir þann aldur fer þeim fækkandi og veruleg fækkun er hjá þeim sem eru 21. árs og eldri.



Áhugavert er að skoða fjölda þeirra sem taka þátt í mótum sem flokkast sem A mót en þar er um að ræða mót eins og ÓL, HM og EM fullorðinna. Er fjöldi þeirra aðila 184 manns sem eru þá að keppa á stærstu mótunum í heimi.





Úthlutanir ársins 2018

Sérsambönd ÍSí skiluðu á árinu inn skýrslum um starfsemi ársins 2018. Styrkveitingin gerði kröfur á ákveðnar áherslur s.s. sem snýr að heilbrigðisteymi sérsambanda og þátttöku í skilgreindum verkefnum. Að loknum uppgjörum kom í ljós að fella þurfti niður hluta styrkja til sérsambanda og er upphæðin alls 10.018.594 kr., en um er að ræða verkefni hjá 20 sérsamböndum ÍSí auk þess sem að fella þurfti niður styrk hjá tveimur sérsamböndum þar sem uppgjör bárust ekki á réttum tíma. Endanlegar styrkveitingar til sérsambanda vegna ársins 2018 má sjá í töflu á bls. 2.

Heimasíða Afrekssjóðs ÍSí

Á heimasíðu sjóðsins, sem er hluti af heimasíðu ÍSí, má finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. samantekt á styrkveitingum síðustu ára, núverandi starfsreglur o.fl. Verið er að vinna að því að gera eldri gögn um afrekssstyrki aðgengileg á vefnum.

Áherslur ársins 2020

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí hefur auglýst eftir umsóknum vegna ársins 2020 og gefið út töflu um mögulegar styrkveitingar og áherslur sjóðsins. Afrekssjóður ÍSí áætla að úthluta allt að 450 m.kr. til sérsambanda vegna verkefna ársins 2020, sem er sama upphæð og var fyrir árið 2019. Breytingar á milli ára eru því ekki margar en fela í sér eftirfarandi:

- Í flokki B/Alþjóðleg sérsambönd og C/Próunarsérsambönd er gefið aukið svigrúm varðandi framlag sérsambands í ákveðna þætti, en nú getur hlutur Afrekssjóðs verið 75% á móti 25% hlut sérsambands.
- Jafnframt verður horft til meiri sveigjanleika gagnvart C/Próunarsérsamböndum þannig að horft verður til þeirra verkefna sem eru í gangi og tengjast afrekssstarfi frekar en að ýta á að sérsambönd fari gagnert í ný verkefni til að hljóta stuðning frá Afrekssjóði ÍSí.
- Gagnvart B/Alþjóðlegum sérsamböndum og C/Próunarsérsamböndum verður einnig horft til þess að oft blandast hæfileikamótun inn í keppni yngri liða sem og aðkoma heilbrigðisteymis og því verður svigrúm til að tengja þessa þætti betur saman, bæði í umsókn og uppgjörum.
- Gagnvart sérsamböndum í flokki B/Alþjóðleg sérsambönd verður gerð krafa um að sérsambönd uppfylli að fullu þann þátt að vera með starfsmann (eða starfsmenn) í 50% starfi á ársgrundvelli sem vinnur að afreksmálum sérsambands.

Framtíðarsýn

Fyrstu tvö árin í nýju kerfi hafa gefist vel og sátt ríkir meðal sérsambanda um fyrirkomulagið og áherslur. ÍSí mun áfram efla samvinnu og eftirlit í tengslum við styrkveitingar til sérsambanda ÍSí og reyna að aðlaga úthlutanir og áherslur að þörfum sérsambanda. Áfram er lögð krafa á að afrekisstefna sérsambands uppfylli skilgreindar kröfur ÍSí og að kostnaður vegna afrekssstarfs sé vel skilgreindur í ársreikningum sérsambanda. Þannig verður ekki úthlutað styrkjum til sérsambanda nema afrekisstefna sé til staðar sem uppfyllir kröfur ÍSí og eins er horft til þess að ársreikningar sérsambanda séu nógu vel skilgreindir vegna kostnaðar við afrekssstarf. Lögð er áhersla á að sérsambönd séu að halda utan um heildarkostnað þeirra verkefna sem þau sjá um og að allur kostnaður komi fram í reikningum sérsambands.

Töluverð vinna hefur farið í að greina gögn frá sérsamböndum og vinna með tölulegar upplýsingar, bæði til að hjálpa sérsamböndum í sinni stefnumótun og áætlanagerð en einnig til að hafa til staðar ítarleg gögn til að greina starfsemi ÍSí og sérsambanda og nýta við skýrsluskil.



ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
Engjavegur 6
104 Reykjavík
Sími: 514 4000
Netfang: isi@isi.is

Útg. 26.11.2019

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) varð til við sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997. ÍSí er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda og er einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. ÍSí er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Félagsaðildir í íþróttahreyfingunni eru rúmlega 330 þúsund og fjöldi virkra iðkenda er rúmlega 103 þúsund.

www.isi.is

